

en Engihlíðarhreppur þvert á móti hefir unað við úrskurð sýslumannsins um, að áminnt lán verði ekki álitíð sveitarstýrkur, virðist ekki nægileg ástæða til að úrskurða nefndan ágreining að sinni. Að öðru leyti leiðir það þegar af því, að Hjörtur hafði ekki að því er sjeð verður dvalið 10 ár í Engihlíðarhreppi eða annarsstaðar fyrir utan fæðingarhrepp sinn, þegar áminntur sýslumannsúrskurður var kveðinn upp, að hann þá átti framfærslu í Vindhölishreppi.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um vegabætur á fjallveginum yfir Bröttubrekku.* — Hjer með læt jeg yður þjónustusamlega tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar fyrir hlutaðeigendum og frekari ráðstafanar, að jeg samkvæmt tillögum yðar í þóknanlegu brjefi 4. þ. m. að beiðni sýslunefndarinnar í Dalasýslu hafi veitt 480 kr. af fje því, sem til er tekið í 10. gr. C 6. í fjárlögunum, til þess nú í sumar að gjöra við hina lökustu kafla af fjallveginum yfir Bröttubrekku. **101**  
20. júní.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um bústað hjeraðslæknis.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtm., dags 29. f. m., hefi jeg með tekið álit sýslunefndanna í Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu um bústað hjeraðslæknisins í 13. læknishjæði, og læt nú svo fyrirmælt samkvæmt lögum um aðra skipun læknahjæðanna á Íslandi, dags. 15. október 1875, 2. gr., að nefndur hjeraðslæknir skuli hafa aðsetu í verzlunarstaðnum Vopnafirði. **103**  
20. júní.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um umsjónarmennskuna við hinn lærða skóla.* — Í brjefi 25. f. m. hefir ráðgjafinn samþykkt, að umsjónarmennskan og dyravarðarstörfin við hinn lærða skóla skuli um næsta skóla-ár, frá 15. septbr. þ. á., falin á hendur umsjónarmanninum, sem verið hefir, Jóni Árnasyni, með þeim kjörum, að hann fái þóknanir þær, er þar til eru ætlaðar í fjárlögunum, 13. gr. B. III. b 1 og 2, 600 kr. um árið handa umsjónarmanni og 760 kr. um árið handa dyraverði, og að hann haldi hýbýlum þeim, er umsjónarmaður hefir haft í skólanum, að undanfögnu, þó að fráskildu herberginu við hliðina á dyravarðarklefanum, með því að búa á til úr því bekk til gagnfræðakennslu, er hún verður upptekin í skólanum. **104**  
20. júní.

— *Brjef landshöfðingja til landsyfirrjettarins um prentun dómasafns* **105**  
1877 og 1878. — Hjer með læt jeg ekki undanfalla að tilkynna hinum konunglega landsyfirrjetti til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Einari prentara Þórðarsyni, að jeg samkvæmt tillögum hins heiðraða rjettar í þóknanlegu brjefi 15. marz þ. á. og tilboði frá nefndum Einari Þórðarsyni hefi ákveðið, að hann skuli fá til prentunar á sinn kostnað dómasafn landsyfirrjettarins um árin 1877 og 1878, ásamt hæstarjettardómum í íslenskum málum þessi ár, með þeim kostum, að hann fái 45 kr. styrk úr landssjóði fyrir hvorn árganginn, að landsyfirrjetturinn annist undirbúning safnsins til prentunar og prófarkalestur honum kostnaðarlaust, að ritið sje eigi selt dýrara innhept í kápu en 12 aura örkin í sama broti og með sömu leturmergd og í þeim tveim árgöngum, er þegar